



# Fréttabréf Brekkuskóla

1. október 20124  
2. tbl. skólaárið 2014 - 2015  
Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir

## Ágæta skólasamfélag.

Skólaárið fer vel af stað, nemendur og starfsfólk komið á fullt í að vinna eftir áætlunum skólaársins. Það er mjög gaman að finna allan þennan kraft og dugnað sem býr hér í fólki, stóru og smáu við að takast á við þau óþrjótandi verkefni sem þarf að sinna.

Við höfum núna í haust hitt allan foreldrahópinn og kynnt þær áherslur sem við leggjum fyrir veturinn, en við ætlum meðal annars að leggja áherslu á samstarf heimilis og skóla eins og undanfarin ár.

Samstarf heimilis og skóla er mjög mikilvægur hlekkur í skólastarfinu eigi það að ganga vel fyrir sig. Þetta samstarf þarf að rækta vel og tryggja að foreldrar eigi greiðan aðgang að skólanum og öfugt. Foreldrar og forráðamenn eruð máttarstólpar sem börnin reiða sig á og jafnframt sterkustu mótunaraðilar þeirra. Þeir hafa ótvíræð áhrif á það hve mikið börn fá út úr skólagöngu sinni. Brekkuskóli gerir ýmislegt til að tryggja aðgang foreldra að upplýsingum um skólastarfið.

Við notum Mentor, en þar eru ýmsar upplýsingar eins og stundaskrár, kennsluáætlanir, verkefnabækur, ástundunaryfirlit og núna erum við að undirbúa okkur fyrir nýtingu námsframvindumarkiða sem gefa foreldrum enn skýrari mynd af gengi barnsins. Við gefum út fréttabréf einu sinni í mánuði og boðum foreldra og nemendur í samtöl með umsjónarkennara tvisvar á ári. Einnig geta foreldrar beðið um samtöl við kennara eða stjórnendur, hringt eða komið í skólann og rætt málin þegar þurfa þykir.

Framundan er októbermánuður með aðalfundi foreldrafélagsins, starfsdegi, skólþingi og haustfríi.

Við óskum öllum aðilum skólasamfélags Brekkuskóla góðs gengis í störfum sínum.

Jóhanna María Agnarsdóttir skólastjóri

## Gildi mánaðarins



### “Ábyrgð”

Punktur úr stefnu skólans:

- Við erum meðvitund um hlutverk okkar og ábyrgð.
- Við sýnum samábyrgð gætum lýðræðis og réttlætis og berum virðingu fyrir jöfnum rétti einstaklinga.
- Við berum ábyrgð á gjörðum okkar og heilbrigði.
- Frumábyrgð á uppeldi og menntun hvílir á foreldrum.
- Við öxlum ábyrgð á mistökum okkar.



**Brekkuskóli**

v/Skólastíg  
600 Akureyri  
sími 462-2525  
[www.brek.akureyri.is](http://www.brek.akureyri.is)

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

## Matseðill og viðburðir í október 2014

			1. okt. Soðið lambakjöt, kartöflur, grænmeti og ávextir 9. b. forvarnardagur 8.–10. bekkur fótboltamót	2. Fiskréttur, hrísgrjón, ávextir og salat	3. <b>Starfsdagur</b> <b>Fristund lokað.</b> Haustþing BKNE og FSNE	4.
5.	6. Fiskibollur, kartöflur, sósa, ávextir og salat	7. Kjöt, kjötsúpa og ávextir <b>Netöryggisumræða</b> <b>hefst í bekkjum fyrir</b> <b>skólapingið 16. okt.</b>	8. Tortilla, grænmeti, sósa og ávextir <b>Göngum í skólann dagur</b>	9. Gufusoðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir <b>Ljósmyndari hjá 1., 4., 7.</b> <b>og 10. bekk</b>	10. Gúllas, kartöflustappa, grænmeti og ávextir	11.
12.	13. Plökkfiskur, rúgbrauð, kartöflur og ávextir  Undirbúningur árshátíðar hefst.	14. Lasagne, brauð, salat og ávextir  Nordplusheimsókn	15. Steiktur fiskur, kartöflur, sósa og salat  Nordplusheimsókn	16. Píta, grænmeti, sósa og ávextir <b>Skólaping</b> <b>-um netöryggi og tækni í</b> <b>skólastarfi</b> Nordplusheimsókn	17. Grjónagrautur, slátur og ávextir  Nordplusheimsókn	18.
19.	20. Hakk og spaghettí, salat og ávextir	21. Fiskibollur, kartöflur, heit sósa, salat og ávextir	22. Grísnitsel, kartöflur, sósa, grænmeti og ávextir	23. Fiskréttur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	24. <b>Haustfrí</b> <b>Fristund opin</b>	25.
26.	27. <b>Haustfrí</b> <b>Fristund opin</b>	28. Buff, kartöflur, grænmeti, sósa, salat og ávextir	29. Bakaður fiskur, hrísgrjón, salat, sósa og ávextir	30. Kjúklingur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	31. Skyr, brauð, álegg, salat og ávextir	1. nóv.

### Skólaping Nordplus í Brekkuskóla 2014

Við óskum eftir áhugasömum foreldrum til að sitja skólaping í Brekkuskóla þann 16. október 2014. Á þinginu verður fjallað um netöryggi, nám og tækni, einelti á Netinu, tölvuleiki og að lokum um tímann sem fer í tæknina.

Þeir sem hafa áhuga eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við Helenu Sigurðardóttur kennara [helenas@akmennt.is](mailto:helenas@akmennt.is), Margréti Þóru Einarsdóttur kennara

[margretthora@akmennt.is](mailto:margretthora@akmennt.is) eða Bergþóru Þórhallsdóttur aðstoðarskólustjóra [beggath@akureyri.is](mailto:beggath@akureyri.is)

Nánari upplýsingar munu birtast á [www.brekkuskoli.is](http://www.brekkuskoli.is)



## **Drög að sáttmála um upplýsinga- og samskiptatækni í skólastarfi Brekkuskóla**

Breytingar í samfélagi okkar einkennast meðal annars af aukinni tækninotkun, hraðri þróun í tækni- og hugbúnaði, auknu aðgengi upplýsinga og auknum samskiptamöguleikum. Nemendur, foreldrar og starfsfólk Brekkuskóla vill hjálpast að við að takast á við þessar breytingar og leitast við um leið að þær hafi jákvæð áhrif á árangur og virkni við nám og kennslu. Til að svo megi verða ætla nemendur, foreldrar og starfsfólk Brekkuskóla að gera með sér eftirfarandi sáttmála um notkun tölvu og tækja í skólastarfinu sem tekur mið af megingildum skólans.



**Menntun.** Við nýtum upplýsinga- og samskiptatækni í námi og kennslu og leggjum okkur fram um að efla gagnrýna hugsun í menntun til uppbyggingar.

**Gleði.** Við leggjum okkur fram um að nota upplýsinga- og samskiptatækni af öryggi og að okkur líði vel í allri umgengni um tæknina. Við virðum hvert annað í samskiptum og í allri notkun og meðferð samskiptatækja.

**Umhyggja.** Við vöndum okkur í allri notkun og umgengni við upplýsinga- og samskiptatæki. Brekkuskóli er samfélag þar sem við stöndum saman og sýnum umhyggju í allri notkun og meðferð samskiptatækja. Við dæmum ekki og erum tilbúin til að aðstoða hvert annað.

**Framfarir.** Við stefnum sífellt á að bæta árangur okkar í námi og kennslu um leið og við tökumst á við breytingar sem felast í tækniþróun í námi og kennslu. Við setjum okkur sífellt ný markmið við innleiðingu tækni í skólastarfinu og metum hvernig okkur tekst að ná þeim. Við leitumst við að efla okkur sem nemendur og starfsfólk og nýtum tæknina á uppbyggilegan og jákvæðan hátt.

Athugasemdir berist fyrir 20. október á netfangið [beagath@akurevri.is](mailto:beagath@akurevri.is) merkt "Sáttmáli"

### **Það gerum við með því að:**

- **nýta tæknina á uppbyggilegan hátt við nám og kennslu**
- **virða verkstjórnarhlutverk kennara í kennslustundum**
- **virða rétt félaga okkar til að stunda nám sitt án truflunar**
- **virða rétt kennara til að kenna án truflunar**
- **óska eftir leyfi kennara ef við viljum nota tölvu, síma og önnur samskiptatæki í kennslustund**

## Skólapulsiinn

Skólinn notar sjálfsmatskerfið Skólapulsiinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja þá nemendur í skólanum sem eru á aldursbilinu 11-15 ára spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skóla og bekkjaranda. Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir það sem metið er.

Virkni nemenda	Líðan og heilsa	Skóla- og bekkjarandi
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ánægja af lestri</li> <li>• Áhugi og ánægja af stærðfræði</li> <li>• Áhugi og ánægja af náttúrufræði</li> <li>• Trú á eigin námsgetu</li> <li>• Trú á eigin vinnubrögð í námi</li> <li>• Þrautseigja í námi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sjálfsálit</li> <li>• Stjórn á eigin lífi</li> <li>• Velliðan</li> <li>• Tíðni eineltis</li> <li>• Tegund eineltis</li> <li>• Staðir eineltis</li> <li>• Hreyfing</li> <li>• Mataræði</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Samsömun við nemendahópinn</li> <li>• Samband nemenda við kennara</li> <li>• Agi í tímum</li> <li>• Virk þátttaka í tímum</li> <li>• Mikilvægi heimavinnu í náminu</li> </ul>

Ef foreldrar eða forráðamenn eru mótfallin því að barn þeirra svari spurningalistanum, eru þeir beðnir um að hafa samband við skrifstofu skólans í síma 4622525 eða á [brekkuskoli@akureyri.is](mailto:brekkuskoli@akureyri.is) og láta vita. Nánari upplýsingar um sjálfsmatskerfið eru á [www.skolapulsinn.is/um](http://www.skolapulsinn.is/um). Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapulsiins í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á [skolapulsinn@skolapulsinn.is](mailto:skolapulsinn@skolapulsinn.is).

### Myndir frá hópeflinámskeiðum í 5. og 8. bekk





### Myndir úr Húnaferð 6. bekkinga



### Aðalfundur foreldrafélagsins

Aðalfundur foreldrafélagsins verður haldinn miðvikudaginn 1. október kl. 20:00

Vöflur og fræðsla - Fjölmennum!

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Kynning skólastjórnenda á stefnu skólans og reynslu af tölvunotkun við nám og kennslu
- Samskipti stúlkna - Helga Halldórsdóttir deildarstjóri Glerárskóla flytur erindi
- 

“Mæting á aðalfundi foreldrafélagsins er nánast skylda og viljum við ítreka að ætlast er til að öll heimili sendi frá sér einn fulltrúa á fundinn”.



Stjórn foreldrafélags Brekkuskóla